

það ólögætt og ber þá að sekta stefnda fyrir það og dæma hann til greiðslu skaðabóta. Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 300.00, en málf lutningi um upphæð skaðabótanna hefur verið frestað.

Málskostnaður að því er þennan hluta málsins snertir þykir mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Verkfall það, sem verkamannafélagið Dagsbrún gerði hjá H/f Shell á Íslandi 22. f. m., er ólögætt.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, greiði 300 kr. sekt í ríkissjóð.

Stefndi er skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi, út af framangreindu verkfalli.

Málskostnaður falli niður.

Hina ídæmdu sekt ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. september 1944.

Nr. 6/1943. **Þórður Guðmundsson** (Eggert Claessen hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólöglegt verkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. maí f. á., af Þórði útgerðarmanni Guðmundssyni gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Haustið 1942 kom til kaupdeilu, um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar, sem hér eftir verður nefnt verklýðsfélagið, og þriggja vinnuveitenda hins vegar, Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f, H/f Miðness og H/f Garðs. Auglýsti verklýðsfélagið taxa 8. okt. 1942, en nefndir vinnuveitendur neituðu að fara eftir honum, og 4. jan. 1943

tilkynntu þeir verklyðsfélaginu, hvaða kaup þeir ætluðu að greiða.

Þetta haust sagði verklyðsfélagið einnig upp samningi um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, sem það hafði gert við Útvegsbændafélag Gerðahrepps 7. jan. 1942, en útvegsbændafélagið virðist ekki hafa átt í neinum samningum við verklyðsfélagið þetta haust um endurnýjun þess samnings.

Hins vegar var þá í gildi, og er enn, samningur milli verklyðsfélagsins og útvegsbændafélagsins, ódagsettur, en að sögn beggja aðilja frá 7. jan. 1942, um hlutaskipti á vélbátum, og náði sá samningur til þeirra, er störfuðu að útgerð bátanna, sjómanna og landmanna.

Hinn 12. jan. 1943 hafði enn eigi komið á samkomulag í nefndri kaupdeilu og tilkynnti þá Alþýðusamband Íslands vinnuveitendum, að það hefði samkvæmt heimild í 12. gr. laga alþýðusambandsins tekið málið í sínar hendur, að því er verklyðsfélagið snerti. Samningar tókust þó ekki, og þann 17. janúar tilkynnti alþýðusambandið framangreindum þremur hlutafélögum og útvegsbændafélaginu, að verkfall mundi hefjast þann 25. s. m., ef samningar hefðu ekki komið á fyrir þann tíma um kaup og kjör þeirra karla og kvenna, er hjá þeim ynnu, en ákvörðun þessi hafði verið samþykkt í verklyðsfélaginu með almennri atkvæðagreiðslu dagana 14. og 15. s. m. Að tilhlutan sáttasemjara ríkisins hófst verkfallið þó ekki fyrr en að morgni þess 27. janúar 1943 og náði það til allrar venjulegrar verkamannavinnu hjá nefndum vinnuveitendum, þar á meðal hjá öllum félagsmönnum útvegsbændafélagsins. Jafnhliða þessu stöðvuðust róðrar á bátum félagsmanna í útvegsbændafélaginu. Þann 29. janúar, að kvöldi, komuzt á samningar milli útvegsbændafélagsins og verklyðsfélagsins. Hófust upp úr því róðrar aftur á bátum útvegsbænda annarra en þeirra, sem riðnir voru við Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f og H/f Garð.

Einn þeirra var stefnandi máls þessa, Þórður Guðmundsson. Á bát þeim, Óðni G.K. 22, sem hann gerði út, hófust róðrar ekki fyrr en eftir að samningur hafði komið á milli verklyðsfélagsins og hlutafélaganna þriggja, en hann var undirritaður að kvöldi þess 1. febrúar 1943.

Stefnandi telur, að róðrar á bátum félagsmanna útvegsbændafélagsins, þar á meðal á bát þeim, sem hann gerði út, hafi

stöðvast vegna ólögmætra aðgerða annars hvors hinna stefndu. Hafi hann af þeim sökum orðið fyrir fjártjóni. Er mál þetta höfðað til greiðslu sekta og skaðabóta.

Dómkröfur stefnanda, sem *aðallega* er beint gegn Alþýðusambandi Íslands en til vara gegn Verkalýðs- og sjómannafélagi Gerða- og Miðneshrepps, eru þessar:

1. Að viðurkennt verði, að umrætt verkfall, sem gert var 27. janúar síðastl., hafi verið ólöglegt að því er snerti Útvegsbændafélag Gerðahrepps og þar með að því er snerti stefnanda sem meðlim þess félags og ofannefndan vélbát, Óðinn, sem gerður var út á hans vegum, en sérstaklega hafi verið ólöglegt framhald verkfallsins gegn téðum vélbát eftir 29. jan. síðastl.,
2. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt eftir ákvörðun dómsins vegna hins ólöglega verkfalls eða hins ólöglega framhalds þess gagnvart stefnanda 29. jan. til 1. febrúar síðastl.,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, *aðallega* að upphæð kr. 3338.91, en til vara kr. 1744.32 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og til þrautavara, að bætur verði ákveðnar eftir mati dómsins,
4. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að með hlutaskipta-samningnum frá 7. jan. 1942 hafi verið komnir á samningar um kjör hlutarmanna. Þeir hafi því ekki átt í neinni deilu og verið óheimilt að leggja niður vinnu, þótt deila væri um kaup og kjör í þess konar landvinnu, sem ekki snerti róðra bátanna. Telur hann, að bátarnir hafi stöðvast sökum þess, að verkfallið hafi, að fyrirskipan alþýðusambandsins eða verklýðsfélagsins, líka verið látið ná til hlutarmanna, bæði sjó- og landmanna. Vegna samningsins frá 7. jan. 1942 hafi þetta verið algerlega óréttmætt, og enda engin ákvörðun tekin um það sérstaklega í verklýðsfélaginu né tilkynning um slíkt send útvegsbændafélaginu. Heldur stefnandi því eindregið fram, að róðrar hefðu getað haldið áfram þrátt fyrir verkfall landverkafólksins, því hlutarmenn hefðu ekki á neinn hátt þurft að fara út fyrir sín venjulegu störf, eða inn á starfssvið verkfallsmanna,

til þess að afla bátunum nauðsynja til róðra og hirða aflann. Bátarnir hefðu átt þess kost að fá afgreiðslu á olíu og beitu, og hefðu því ekki þurft að stöðvast af þeim sökum.

En sérstaklega telur stefnandi það ólöglegt, að bát hans hafi verið haldið í verkfalli eftir að útvegsbændafélagið samdi við verklyðsfélagið að kvöldi þess 29. janúar. Hann hafi verið félagsmaður í því félagi, og af þeim sökum átt rétt til þess, að engar hömlur yrðu lagðar á bát hans, umfram annarra félagsmanna.

Kröfur sínar á hendur Alþýðusambandi Íslands styður stefnandi þeim rökum, að með því að taka deilumálin í sínar hendur samkvæmt 12. gr. laga þess beri það ábyrgð á verkfallinu og afleiðingum þess. En ef svo yrði ekki talið, hefur hann, svo sem að framan greinir, gert þær kröfur, að verklyðsfélagið verði dæmt til greiðslu sekta og skaðabóta fyrir að hafa átt sök á ólögmetu verkfalli og með því valdið honum tjóni.

Bótakröfur sínar byggir stefnandi á því, að framannefndur bátur hans hafi misst af róðri, vegna hins ólögmeta verkfalls. Verður nánar vikið að skaðabótakröfunni síðar.

Stefndu hafa mælt sig undan allri ábyrgð eða bótaskyldu út af umræddri vinnudeilu. Halda þeir því fram, að orsök þess, að bátur stefnanda eða aðrir bátar kunni að hafa stöðvast frá róðrum hafi verið verkfall landverkafólksins. Stöðvun þeirra hafi komið af sjálfu sér sökum þess, að þeir hafi ekki getað fengið nauðsynlega afgreiðslu, t. d. á olíu og beitu, þar sem þeir menn, sem afgreiddu þessar vörur, hafi verið meðal þeirra, er lögðu niður vinnu. Ekki hafi heldur verið hægt að hirða aflann. Hlutarmönnum hafi hins vegar verið óheimilt að fara inn á verksvið þeirra manna, sem í verkfallinu áttu. Mótmæla stefndu því, að ætlunin hafi verið, að verkfallið næði til hlutarmanna og neita því að hafa gefið fyrirskipun um slíkt, eða að samþykktir þess efnis hafi verið gerðar í verklyðsfélaginu.

Staðhæfingar stefnanda um að róðrar hefðu ekki þurft að stöðvast vegna verkfallsins, þar sem það sé í verkahring hlutarmanna að vinna nauðsynleg störf í sambandi við róðra og hagnýtingu aflans, eru studdar ýmsum gögnum, sem telja verður næga sönnun þess, að byggja megi á skýrslu hans um þetta atriði. Verður ekki séð, að verkfall landverkafólksins hafi þurft að leiða til þess, að bátur stefnanda fengi ekki nauðsynlega afgreiðslu, þó hlutarmenn héldu sér innan starfs-

sviðs síns. Þessi niðurstaða er og studd þeirri staðreynd, að ekki er sýnt, að nokkur fyrirstaða hafi verið á því, að bátar ýmissa félagsmanna útvegsbændafélagsins fengju afgreiðslu eftir að samið hafði verið við það félag 29. janúar, og er þó talið, að afgreiðslumenn, en þeir voru þátttakendur í verkfalli landverkafólksins, hafi ekki tekið upp starfa sinn fyrir en samningar voru komnir á við hlutafélagin að kvöldi þess 1. febrúar s. á. Stefnu hafa ekki heldur sýnt fram á neina sérstaka vinnu verkfallsmanna, sem hlutarmenn hefðu orðið að vinna, til þess að róðrar gætu haldizt.

Kemur þá til álita, hvort stefnu hafa átt þann þátt í því, að róðrar féllu niður, að saknæmt sé.

Alþýðusambandið.

Af þess hálfu hefur því verið staðfastlega neitað, að það hafi fyrirskipað hlutarmönnum að leggja niður vinnu, enda ekki til þess ætlaðt. Hins vegar er viðurkennt, að það hafi sett svokallað afgreiðslubann á báta og bíla deiluaðilja hjá nágrannaverklýðsfélögum. Ekki verður í þessu máli skorið úr um gildi þess afgreiðslubanns, enda ekki sýnt, að það út af fyrir sig hefði þurft að leiða til þess, að bátar stefnanda stöðvuðuzt frá róðrum þar syðra. Með vitnisburðum ýmissa manna, skipstjóra og skipverja á bátum, er stöðvuðuzt, eru færðar talsverðar líkur fyrir því, að tilgangur framkvæmdarstjóra alþýðusambandsins hafi verið sá, að hindra róðra, með því að fá skipverjana til þess að róa ekki. En gegn eindreginni neitun hans þykja þó ekki alveg nægar sannanir fyrir hendi til þess að talið verði, að framkoma hans hafi leitt yfir alþýðusambandið sjálfstæða refsí- eða skaðabótaábyrgð út af umræddu verkfalli, og ber því að sýkna það af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður að því er það snertir verður látinn falla niður.

Verklýðsfélagið.

Enda þótt mótmælt sé af þess hálfu, að nokkur félags- eða stjórnarsamþykkt hafi verið gerð þess efnis, að hlutarmenn leggðu niður vinnu, er þó viðurkennt, að formaður félagsins og aðrir trúnaðarmenn þess, svo sem ritari og varaformaður, hafa beðið hlutarmenn um að vinna ekki meðan á verkfallinu stæði. Þessi viðurkenning er studd framburðum ýmissa vitna, sem ýmist bera það, að menn þessir hafi beðið hlutarmenn um að leggja niður vinnu eða beinlínis lagt svo fyrir þá, sbr. vitnisburð Óskars Illugasonar, Tryggva Einarssonar, Þorvald-

ar Halldórssonar, Þorsteins Halldórssonar, Guðjóns Hanssonar, Óskars Jónssonar, Stefáns Sveinbjörnssonar og Árna Árnasonar. Verður að telja nægilega sannað, að þessi framkoma nefndra trúnaðarmanna verklyðsfélagsins hafi orðið þess valdandi, að róðrar féllu niður. En með því að í gildi var áður nefndur hlutaskiptasamningur frá 7. jan. 1942, þurftu útvegsbændur ekki að gera ráð fyrir, að verkfallið næði til hlutarmannanna, án þess að slíkt væri boðað sérstaklega samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Þetta var ekki gert, og verður þegar af þeirri ástæðu að telja, að nefndir trúnaðarmenn verklyðsfélagsins hafi með framkomu sinni skapað þau skilyrði, er leitt geti til refsíabýrgðar fyrir félagið og skaðabótaskyldu gagnvart þeim útgerðarmönnum, sem verkfall hlutarmanna bitnaði á.

Stefndu hafa lagt fram í máli þessu vottorð skráningarstjóra sem sýnir, að ekki hefur verið lögskráð á bát þann, Óðinn G.K. 22, sem um ræðir í máli þessu, fyrr en 28. jan. 1943. Hafa stefndu mótmælt því, að á þá verði lögð refsing eða bótaskylda vegna stöðvunar á róðrum nefnds báts stefnanda þann tíma meðan ólögskráð var á hann.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 53/1930, um lögskráningu, er bannað að leggja lögskráningarskyldu skipi úr höfn, nema skipverjar hafi verið skráðir í skiprúm. Með tilvísun til nefndrar greinar þykir verða að taka framangreinda mótbáru stefnda til greina og verður ekki talið, að stefndi Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps hafi unnið til refsingar eða orðið bótaskyld þótt niður féllu róðrar á bátum, sem ekki fullnægðu skilyrðum nefndra laga til þess að mega leggja úr höfn. Verður því hér aðeins lögð refsing og skaðabótaskylda á stefnda Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps fyrir að hafa orðið þess valdandi, að m/b Óðinn G.K. 22 komst ekki í róður þann 29. jan. og 1. febr. 1943. En með tilvísun til framanritaðs verður að telja, að nefnt verklyðsfélag hafi með ólögsmætu verkfalli valdið því.

Þar sem verkfalli þessu var komið á, án þess að fylgt hefði verið fyrirmælum 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938 hefur verklyðsfélagið gerzt brotlegt við nefndar greinar og þykir refsing fyrir það hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga 150 króna sekt í ríkissjóð. Er við ákvörðun refsingarinnar höfð hliðsjón af því, að verklyðsfélagið hefur í málinu nr. 5/1943

með dómi þessa réttar 10. júlí s.l., verið dæmt til greiðslu sektar vegna verkfalls þessa og sömuleiðis á það lögð sekt út af sama verkfalli með dómi, uppkveðnum í dag, í málinu nr. 7/1943.

Skaðabótakrafan.

Samkvæmt því sem að framan er rakið ber stefndu verklyðsfélagi aðeins að greiða stefnanda bætur fyrir róðrartap m/b Óðins þann 29. jan. og 1. febr. 1943. Krafa stefnanda fyrir tap þessara tveggja róðra er kr. 2478.48. Er bótakrafan grundvölluð á því, að meðalafli báta í Sandgerði þann 29. jan. 1943 hafi verið 8 skpd. eða 4000 kg. Reiknar hann hvert kg á kr. 0.45, eða samtals kr. 1800.00. Lifur reiknar hann, 264 lítra, á kr. 1.50, alls kr. 396.00. Hefði hlutur útgerðarmanns því átt að vera kr. 734.16 fyrir þennan róður. Afla þann 1. febr. 1943 áætla hann 16 skpd. eða 8000 kg á kr. 0.45 = kr. 3600.00, auk lifrar, er numið hafi kr. 792.00 og hefði hlutur útgerðarmanns úr þessum róðri þá numið kr. 1744.32. Stefndi hefur ekki mót-mælt útreikningi þessum út af fyrir sig, en telur þó, að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til tjóns og slits á veiðarfærum og skipi. Þykja bæturnar eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 2100.00 og ber að dæma stefnt verklyðsfélag til þess að greiða stefnanda þá upphæð ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að verklyðsfélagið greiði stefnanda upp í málskostnað kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Stefndi, Alþýðusamband Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Þórðar Guðmundssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.
2. Stefndi, Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðnes-hrepps, greiði kr. 150.00 í sekt til ríkissjóðs.
3. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðnes-hrepps, greiði stefnanda, Þórði Guðmundssyni, kr. 2100.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 7. maí 1943 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég er samþykkur framanrituðum dómi að öðru leyti en því, að ég tel að sýkna beri Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðnes-hrepps af

öllum kröfum í málinu, þar eð félagið hafi engin sliki afskipti haft af landlegu báta, sem Þórður Guðmundsson telst útgerðarmaður fyrir, að við lög varði.

Þriðjudaginn 19. september 1944.

Nr. 7/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðness**
(Eggert Claessen hrl.)
gegn

**Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómanna-
félags Gerða- og Miðneshrepps**
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólögnað verkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. maí f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Miðness gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Haustið 1942 kom til kaupdeilu um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar, sem hér eftir verður nefnt verklyðsfélagið, og þriggja vinnuveitenda hins vegar, Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f, H/f Miðness og H/f Garðs. Auglýsti verklyðsfélagið taxa 8. okt. 1942, en nefndir vinnuveitendur neituðu að fara eftir honum og 4. jan. 1943 tilkynntu þeir verklyðsfélaginu, hvaða kaup þeir ætluðu að greiða.

Þetta sama haust sagði verklyðsfélagið einnig upp samningi um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, sem það hafði gert við Útvegsbændafélag Gerðahrepps 7. jan. 1942, en útvegsbændafélagið virðist ekki hafa átt í neinum samningum við verklyðsfélagið þetta haust um endurnýjun þess samnings.

Hins vegar var þá í gildi, og er enn, samningur milli verklyðsfélagsins og útvegsbændafélagsins, ódagsettur, en að sögn beggja aðilja frá 7. jan. 1942, um hlutaskipti á vélbátum, og